

Námsvísir: upplýsinga og tæknimennt á miðstigi í Hvolsskóla skólaárið 2008 – 2009

Eitt meginhlutverk grunnskólans er að búa nemendur undir starf í því þjóðfélagi sem þeir munu tilheyra sem fullorðnir einstaklingar. Beiting upplýsingatækni og tölvunotkunar er verklag sem setur svip sinn á allar greinar þjóðlífsins. Það er því nauðsynlegt að slík tækni og slíkar vinnuaðferðir skipi viðeigandi sess í grunnskólanum. Markmið eru miðuð við aðalnámskrá grunnskóla 1999.



Kennarar:

Christina M. Bengtsson, Gissur Jónsson, Guðbjörg Júlíadóttir, Jón Stefánsson, Ragnheiður Jónasdóttir og Þórunn Óskarsdóttir.

Stuðningsfulltrúi: Bianca Treffer, Kristín Erna Leifsdóttir.

Markmið í Upplýsinga og tæknimennt á miðstigi:

Nemandi á að:

- Tileinka sér jákvæð viðhorf til tölvunotkunar
- Tileinka sér rétta fingrasetningu, líkamsbeitingu og blindskrift
- Geta beitt tölvutækni við upplýsingaleit og meta gögn á gagnrýnin hátt
- Venjast því að nota upplýsingatækni til framsetningar á efni, bæði prentuðu og á rafrænu formi
- Læra á forritin Word og Power point
- Geta vistað skjöl og náð í vistuð gögn
- Geta notað ýmiss kennsluforrit
- Tileinka sér flokkunarkerfi bókasafna
- Fá þjálfun í að afla sér heimilda á bókasafni
- Fá þjálfun í ritgerðasmíði

Kennsluaðferðir og leiðir að markmiðum:

Einstaklings og hópavinna, innlagnir í litlum hópum, verkefnavinna.

Námsgögn:

Ýmiss kennslu og tölvuforrit s.s. Word, Power point og Ritfinnur. Á bókasafni er unnið með kennsluefni sem heitir Safnarinn þar sem nemendur vinna og hanna sínar eigin bækur.

Námsmat:

Stöðupróf í Ritfinn, einstaklings og hópaverkefni